

Hér koma athugasemdir við eftirfarandi greinum.

[15.gr](#)

Leggst alfarið gegn því að válistar verði beintengdir við lagasetningu veiðilöggjafar þar sem varað er við því frá sérfræðingum og áhugamönnum um allan heim þar sem margar ástæður geta verið fyrir svona listum og að IUCN varar sérstaklega við því. En þessir listar geta verið nothæfir fyrir t.d Náttúruforsvar og ættu því að heita athugunarlisti þar sem ástæður fyrir að lenda á svona lista getur verið mismunandi: offjölgun, fæðubrests/fæðuframboði, tilfærslu af talningasvæðum, Veðurfarslegt og lengi mætti telja.

[17.gr](#)

Fagna því að verið sé að breyta orðalagi og það geti opnað á að aðrar tegundir/stofna fugla/dýra geti verið veiðanlegir útfrá sjálfbærni stofns. En passa þarf uppá hvað er sjálfbærni og innan hvernig ramma/jafnvægi það rýmist, þyrfti að skoðast með hliðsjón af [29.gr](#) frumvarpsins.

[22.gr](#)

Hér væri gaman að vita hvernig sjálfbærar veiðar sem annars eru almennt leyfðar geti ógnað friðlýsingum á búsvæðum dýra, jarðmyndunum, víðernum eða þjóðgörðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Það hefur verið lenska að banna veiðar sjálfkrafa þegar svæði eru friðlýst án nokkurs rökstuðnings m.t.t. til tilgangs friðlýsingar. Rökin hafa oft litast af fáfræði og fordómum í garð skotveiðimanna. Mál er að linni.

Sjálfbærni veiða er skilgreint í verndaráætlunum með virkri veiðistjórnun (Adaptive Harvest Management) þar sem háþörk og lágmörk eru skilgreind í vissum tímaramma sem tekur mið af stofnsveiflu tegundarinnar til lengri tíma.

Gerir athugasemdir yfir því afhverju bogveiði er ekki inni sem leyfileg veiðiaðferð þar sem þessi veiðiaðferð er í mestum vexti í Evrópu og farin að verða eftirsótt sem veiðistjórnunaraðferð og sér í lagi í þéttbýli þar sem notkun skotvopna þykir ekki ásættanleg. Og er ekki síðri veiðiaðferð en skotveiðar

Hvet til að nefndin endurskoði það og komið bogveiði inn gagnvart eftirfarandi greinum og þeim sem það gæti fallið undir.

[24.gr](#)

Veiðiaðferðir bætt verði við að leyfilegt að veiði með boga og ör og að nefndi leitist eftir að vopnalög verði breytt í samræmi við frumvarpið en ljóst er að nokkur atriði stangast á við vopnalög/reglugerðir. Og að lágmarks aldur til bogveiða samræmist við þau lönd sem við berum okkur saman við. [26.gr-27.gr-38.gr-39.gr-40.gr](#) taka allar á hæfniskröfum og því tengdu gagnvart veiði og leiðsögumönnum, styð við að farið verði eftir tillögum Bogveiðifélags Íslands að þeirra tillögur verði grunnur að hæfniskröfum bogveiðifólks enda sé þekkingin þar.

Að öðrum greinum frumvarpsins þá trúir ég að Skotveiðifélag Íslands standi vörð um okkar hagsmuni og styð ég því þeirra umsögn.

Bestu kveðjur.

Ásbjörn Guðlaugsson

Flatasíða 6

603 Akureyri